

**229. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
miðvikudaginn 6. desember 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson aðalmaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Anna María Þórðardóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Guðný Birna Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Vilborg Guðný Valgeirs dóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarna.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2311335 - Barnaþing 2023

Barna- og ungmenningarþingið er samstarfsverkefni Akraneskaupstaðar, ungmennaráðs, grunnskólanna, fjlbrautarskólans og þorpsins og liður í innleiðingu barnvæns sveitarfélags.

7., 8. og 9. nóvember 2023 var haldið Barna- og ungmenningarþing á Akranesi.

Hátt í 200 börn og ungmenning úr grunn- og framhaldsskóla bæjarins tóku þátt í þinginu.

Niðurstöður þingsins verða notaðar við gerð aðgerðaráætlunar barnvæns sveitarfélags, ásamt niðurstöðum stöðumats sem lauk haustið 2023. Verkefnið er að taka saman þær aðgerðir sem stýrihópur verkefnisins hefur forgangsraðað og mynda aðgerðáætlun Akraneskaupstaðar vegna innleiðingar Barnasáttmálans 2022-2024.

Meðfylgjandi er ályktun frá fulltrúum á barna- og ungmenningarþingi 2023 sem lagt var fyrir stýrihóp um barnvænt sveitarfélag og vísað til fagráða og nefnda Akraneskaupstaðar.

Skóla- og frístundaráð þakkar öllum þeim er tóku þátt í barna- og ungmenningarþingi 2023. Sérstaka athygli vakti góður undirbúningum, framkæmd þingsins og framlag þátttakenda sem skilar sér í ómetanlegrí afurð fyrir samfélagið. Skóla- og frístundaráð tekur undir mikilvægi þess að skapaður verði samskiptavettvangur þar sem börn og ungmenning geta með reglugundnum hætti komið sjónarmiðum sínum á framfæri og að leitað verði til þeirra um málefni er varða börn og hagsmuni þeirra.

2. 2312018 - Foreldrafélög grunnskólanna - reglugundið samráð við skóla- og frístundaráð

Fulltrúar foreldrafélaga grunnskólanna, Anna María Þórðardóttir, G. Erna Valentínusardóttir, Ragnheiður Rún Gísladóttir og Kristín Kötterhenrich sitja fundinn undir þessum lið auk Heiðrúnar Janusardóttur verkefnastjóra forvarna- og frístundamála.

Reglugundið samtal fulltrúa foreldrafélaga grunnskólanna og skóla- og fristundaráðs fer fram í maí og desember ár hvert. Skóla- og fristundaráð þakkar fyrir góða umræðu og sviðsstjóra er falið að vinna áfram með ábendingar foreldrafélaganna um m.a. mótuneytismál, umferðaröryggi við grunnskólana og forvarnarmál.

Heiðrún, Anna María, G.Erna, Ragnheiður Rún og Kristín víkja af fundi.

3. 2305204 - Húsnaðisáætlun 2024

Húsnaðisáætlun 2024 til kynningar. Verður lögð fram til samþykktar í bæjarstjórn þann 12. desember 2023.

Lagt fram til kynningar.

4. 2205146 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8 - uppbygging- framkvæmd verkefnisins

Lokaskýrsla starfshóps um uppbyggingu Samfélagsmiðstöðvar lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

5. 2311405 - Starf - Leikskólastjóri - Garðasel

Ingunn Ríkarösdóttir leikskólastjóri í Garðaseli hefur tekið ákvörðun um að hækta störfum sökum aldurs um áramótin. Starf leikskólastjóra var því auglýst laust til umsóknar nú í nóvember og hefur Ingunn Sveinsdóttir aðstoðarskólastjóri Garðasels verið ráðin í starf leikskólastjóra frá og með 1. janúar 2024.

Skóla- og fristundaráð þakkar Ingunni Ríkharösdóttur fyrir farsælt samstarf og vel unnin störf í þágu barna á Akranesi. Ráðið óskar jafnframt Ingunni Sveinsdóttur velfarnaðar í starfi.

6. 2312017 - Mat á gæðum skólastarfs

Umræða um hugmyndir leikskólastjóra um mat á gæðum leikskólastarfs. Vilborg Valgeirs dóttir og Guðný Birna Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúar leiksólanna sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og fristundaráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við leikskólastjórana.

7. 2304021 - Starfshópur um framtíðarþörf leikskólaplássa á Akranesi

Uppfærð skýrsla um framtíðarþörf leikskólaplássa á Akranesi lögð fram til til kynningar. Vilborg Valgeirs dóttir og Guðný Birna Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúar leiksólanna sitja fundinn undir þessum lið.

Í ljósi fjölgunar barna á Akranesi sem innritast utan hefðbundins innritunartíma og náð hafa innritunaraldri í leikskóla (fædd fyrir 30. júní 2022) eru leikskólar kaupstaðarins nánast fullsetnir. Útlit er fyrir að fjöldi barna sem innritast næsta haust verði á pari við þann fjölda sem útskrifast úr leikskólunum 2024 miðað við 14 mánaða innritunaraldur. Ef fram fer sem horfir og íbúafjöldi vex með sama hraða og undanfarna mánuði mun það hafa áhrif á innritunaraldur barna árið 2024, nema til aðgerða verði gripið til að fjölga leikskólaplássum í bæjarfélaginu. Skóla- og fristundaráð leggur ríka áherslu á að hafin verði undirbúningur á endurbótum og stækkun á húsnæði Vallarsels með það að markmiði að fjölga

ferlinu.

Skóla- og frístundaráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til úrvinnslu í skipulags-
og umhverfisráði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

Jónina Margrét Sigmundsdóttir
Einar Brandsson
Hilf Sel Skarðsdóttir